

Mánudaginn 25. mars 1991.

Nr. 105/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Halli Magnússyni.

Kærumál. Framlagning skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ákærði hefur með kæru 7. þ.m. skotið til Hæstaréttar, með vísan til ákvæðis 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um að heimila vararikissaksóknara að leggja fram þrjú skjöl, bréf borgarlögmansins í Reykjavík 11. janúar 1991, endurrit úrskurðar meiri hluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands frá 6. desember 1990 í kærumáli séra Þóris Stephensens á hendur ákærða í máli þessu vegna blaðagreinar, sem birtist í dagblaðinu Tímanum 14. júlí 1988, svo og álit minni hluta siðanefndarinnar.

Mál þetta barst Hæstarétti 12. þ.m.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist aðallega, að kærumáli þessu verið vísað frá Hæstarétti, en til vara, að staðfest verði sú ákvörðun og sú dómsathöfn sakadómarans að leggja fram og þingmerkja þau þrjú skjöl, sem hér um ræðir.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um að veita viðtöku til framlagningar fyrrnefndum þremur skjölum verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sakadómarann að fella greind skjöl, sem þingmerkt hafa verið XXXV, XXXVI og XXXVII, úr skjölum málsins. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Kæra þessi er heimil samkvæmt 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að bréf borgarlögmansins í Reykjavík feli í sér lögfræðilega álitssgerð um það, hvort staðarhaldarinn í Viðey teljist opinber starfsmaður samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Álit meiri hluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands feli hins vegar í sér siðferðilega afstöðu til ákæruatriða málsins, sem ákærvaldið muni nota til að kasta rýrð á ákærða og með þeim hætti ætla sér að hafa áhrif á niðurstöðu málsins.

Héraðsdómarinn hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þessara skjala með svofelldri bókun: „Dómarinn ákveður að verða við ósk sækjandans um framlagningu bréfs borgarlögmans, þrátt fyrir það að telja megi, að í bréfinu felist ákveðið mat á lögfræðilegum álitaefnum, er mál þetta varða, sem bindur þó á engan hátt hendur dómsins, enda þykir að hluta til einnig mega líta á bréfið sem embættisvottorð um stöðu staðarhaldara í Viðey innan starfsmannakerfis Reykjavíkurborgar og getur horft til skýringar á framlagðri starfslýsingu staðarhaldara á dskj. nr. XXI. Þá þykir rétt að verða við ósk ákærvaldsins um framlagningu úrskurðar meirihluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands svo og álitum minnihluta nefndarinnar í ljósi þess, að verjandinn hefur ítrekað (sic) vísað til nefnds úrskurðar við meðferð málsins, svo og til frekari skýringar á dskj. nr. XXXIII, sem verjandinn hefur lagt fram í málinu.“

Héraðsdómarinn hefur þegar lagt fram umrædd skjöl á grundvelli bókunar þessarar. Verður eftir atvikum látið sitja við þessa ákvörðun hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun héraðsdómara um framlagningu framangreindra þriggja skjala skal óröskuð standa.
